



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 11. nóvember 2024
1911664/500.00 HO

Efni Umsögn bæjarlögmanns vegna beiðni um endurupptöku ákvörðunar skipulagsráðs frá 16. september 2024, sem staðfest var á fundi bæjarstjórnar þann 24. september 2024.

Málavextir og erindi lóðarhafa.

Á fundi skipulagsráðs þann 16. september 2024, var hafnað beiðni lóðarhafa Hrauntungu 119 um að loka fyrir göngustíg sem liggur að lóðamörkum lóðarinnar. Áður hafði umhverfis- og samgöngunefnd á fundi sínum þann 16. ágúst 2022 ekki gert athugasemd við við að lóðarhafi myndi loka fyrir göngustíginn við lóð sína, en í ljósi þess að málefnið heyrði undir skipulagsráð var það tekið upp að nýju og erindinu hafnað eins og fram hefur komið.

Kópavogsbæ barst bréf húseigendafélagsins dags. 1. október f.h. lóðarhafa þar sem krafist er endurupptöku ákvörðunar skipulagsráðs í málinu.

Krafa um endurupptöku byggir á því að sú ákvörðun að taka málið upp að nýju í skipulagsráði samrýmist ekki góðum stjórnsýsluháttum og sé íþyngjandi fyrir íbúa bæjarins.

Aðstæður séu með þeim hætti að opinn gangstígur geti verið til þess fallinn að auka hættu á slysum þar sem gangstígurinn sé brattur og tröppur í niðurníðslu. Slyshætta geti myndast fyrir gangandi vegfarendur í hálku í götunni, en bílar geti átt erfitt með að stöðvast þegar keyrt sé upp og niður götuna.

Engin gangréttur sé heldur um lóðina í lóðaleigusamningu þó kvöð sé um gegnumakstur. Ekki séu ákvæði sem heimili sveitarfélaginu að breyta efni hans einhliða þó sveitarfélagið geti tekið undir sig lóðina eða hluta hennar. Lóðarhafi hafi orðið fyrir tjóni á hlutum vegna umferðar fólks um lóðina, m.a. á bifreið sinni, en hjólandi vegfarandi hafi rekist utan í bílinn sem hann missti stjórn á hjólinu í hálku.

Um sé að ræða skerðingu á eignarrétti lóðarhafa ef sveitarfélagið ætli að beina gangandi umferð um lóðina, en lóðarhafi einkarétt á hagnýtingu hennar og hafi umráðarétt yfir lóðinni. Lóðarhafi eigi ekki að þurfa að þola stöðugan gang vegfarenda um lóðina.

Hvað varði markmið Kópavogsbæjar um að efla vistvænan samgöngumáta þá séu aðstæður þannig að sé stígnum lokað sé hægt að fara norður Bröttutungu og þaðan upp á Digranesveg. Um sé að ræða u.þ.b. 90 metra útúrdúr, ekki sé því hægt að fallast á rök bæjarins að lokun stígsins hafi í för með sér neinar skerðingar að því leyti.



Sjái Kópavogsbær sér ekki fært annað en að halda stígnum opnum óskar lóðarhafi eftir viðræðum um að bærinn yfirtaki umrædda gönguleið og haldi henni við á sinn kostnað þannig að slysaætta myndist ekki á svæðinu og haldi göngustígnum við, timbur endurnýjað við tröppur og svæðið hreinsað svo sómi verði af.

Umsögn

Um heimild til endurupptöku stjórnvaldsákvörðana gildir 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sem er sem hér segir:

24. gr. Endurupptaka máls.

☐ Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný ef:

1. ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða

2. íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

☐ Eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun skv. 1. tölul. 1. mgr., eða aðila var eða mátti vera kunnugt um breytingu á atvikum þeim sem ákvörðun skv. 2. tölul. 1. mgr. var byggð á, verður beiðni um endurupptöku máls þó ekki tekin til greina, nema að fengnu samþykki frá öðrum aðilum málsins. Mál verður þó ekki tekið upp að nýju ef ár er liðið frá fyrrgreindum tímamörkum nema veigamiklar ástæður mæli með því.

Í endurupptökubeiðni lóðarhafa er ekki vísað til þessa ákvæðis og ekki rökstutt að ákvörðun hafi byggst á ófullnægjandi upplýsingum eða að atvik hafi breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Verður því að telja að skilyrðum um endurupptöku sé ekki fullnægt. Ekki er fallist á með lóðarhafa að það hafi ekki samrýmst góðum stjórnsýsluháttum að taka málið upp að nýju í skipulagsráði eftir að það var afgreitt í umhverfis og- samgöngunefnd. Þvert á móti er það góð stjórnsýsla að mál séu afgreidd hjá því stjórnvaldi sem hefur umboð til að taka ákvörðun í málinu skv. samþykktum sveitarfélagsins. Ljóst er að málefni göngustíga heyra ekki undir umhverfis- og samgöngunefnd skv. erindisbréfi, en nefndin fer með verkefni tengd náttúruvernd og skal móta stefnu í umhverfis-, náttúruverndar og samgöngumálum. Mál tengd framkvæmdum á lóðamörkum, breytingar á gangstígum eða götum heyra hinsvegar undir skipulagsráð.

Ekki er heldur fallist á að gangstígurinn sé til þess fallin að auka slysaættu, þvert á móti getur skapast slysaætta af lokun stígsins fyrir gangandi og hjólandi vegafarendur, sérstaklega þegar skyggja fer.

Hvað varðar þá málsástæðu lóðarhafa að það skorti kvöð í lóðaleigusamningu um gangandi umferð, þá hefur það áður komið fram að mistök voru gerð við endurnýjun lóðaleigusamnings fyrir lóðina, en rétt hafi verið að setja inn kvöð um almennan gangrétt um lóðina eins og tíðkast á nágrannalóðum þar sem samskonar aðstæður eru fyrir hendi, þ.e. göngustígar er liggja að lóðunum. Fram hefur komið hjá skipulagsdeild Kópavogsbæjar að um mikilvæga gönguleið að strætisvagnabiðstöð sem staðsett er við enda göngustígsins við Digranes og mikilvæg tenging fyrir börn á leið í skóla og frístundir.

Í umsögn skipulagsdeildar dags. 12. september 2024 kom fram að leiðrétta þarf mæliblað og bæta þarf við kvöð um göngurétt við endurnýjun á lóðarleigusamningi fyrir lóðina Hrauntungu 119. Einnig hefur áður fram komið að Kópavogsbær mun bjóðast til að lagfæra



Kópavogsbær

Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

göngustíginn og sinna nauðsynlegum frágangi innan lóðarinnar er tengjast þeim lagfæringum og bæta úr vetrarþjónustu á göngustígnum svo og botnlanga.

Í ljósi ofangreinds er lagt til að beiðni um endurupptöku ákvörðunar skipulagsráðs í málinu verði hafnað.

F.h. bæjarlögmanns

Harri Ormarsson
lögmaður

Virðingarfyllst,

Harri Ormarsson
Lögfræðingur

